

ÚT Á SKÝJATEPPIÐ

Draumsæi og náttúrufar þriggja listforma

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar    Laugarnestanga    Reykjavík    2006



ÚT Á SKÝJATEPPIÐ

Draumsæi og náttúrufar þriggja listforma í Sigurjónssafni

Tré- og koparverk Sigurjóns Ólafssonar,  
textílar Helgu Pálínu Brynjólfsdóttur og  
ljóð Berglindar Gunnarsdóttur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík, 25. febrúar til 14. maí 2006




Berglind Gunnarsdóttir:

## UM VERKIN

Verkin byggja á náttúrusýn sem kalla má mystíska. Það er draumsýn um eðli náttúru og hluta á bak við ásýnd þeirra.

Draumsæi er eðlisfar skáldskaparins í öllum listum. Að dreyma það sem maður sér; sjá það öðrum augum, skyggnum augum.

Að dreyma jörð og haf inni í miðri borg.

An aerial photograph of a large sand dune. In the center, a sandcastle is visible, along with several other rectangular structures and a path. The dune is surrounded by a dark, vegetated area at the bottom. The sky is overcast and grey.

Verk Helgu Pálínu eru form og litir ættaðir úr iðrum og margslungnu yfirborði íslenskrar jarðar, þrykktir á breiða efnisstranga; fjöll og mold og eldurinn undir.

Steinar og hör.

Hún ummyndar jörðina í eiginleika efna sinna.

Undanfarið hefur hún einbeitt sér að formum í náttúrunni sem eru Jarðarrúnir; leifar af manngerðu landslagi, bæjarrústir. Grasi vaxnar tóttir sem hverfa með tímanum.

Ljóðin urðu til á ferðum um borgina, úti við Eiðisgranda, á Skólavörðuholti og á Laugarnesinu, einnig á hafnarsvæðinu og í gamla kirkjugarðinum.

Mörg undanfarin sumur hef ég lagt leið mína út á Laugarnesið á hjóli til að njóta nærveru sjávar og himins. Þessum ferðum fylgdi gjarnan heimsókn í Sigurjónssafn. Smám saman varð þarna til sérstakur heimur; heimur nassins og myndverkanna urðu eitt með sínum undarlega földu töfrum og ég sótti í þann heim.

Ég sem er ljóðakona, hrifin af vissum einfaldleika og dulsæi, með draum mér við hlið.

## SIGURJÓN ÓLAFSSON

Enginn verður ósnortinn af náttúruöflunum sem dvelur á Eyrarbakka; hafinu sem er slétt og kyrrt en rýkur síðan upp í beljandi æði. Svo ótrúlega gjöfult en tók líka mannlíf.

Á uppvaxtarárum Sigurjóns var það allsráðandi afl í lífi fólksins þar. Hann ber það með sér í farteski sínu þegar hann löngu síðar finnur sér stað á Laugarnesinu, úti við haf og himin. Þar vinnur hann m.a. með sjórekinn efnivið sinn; fórnfæringar til þess sjávarguðs sem skapar líf og dauða, í máttugum myndum. Hann meitlar margvísa drætti í sterklegan efniviðinn sem geymir hrjúfan draum rekaviðarins um hafið.

Á Laugarnesinu er safnhúsið verðug umgjörð myndverkanna og traustur hluti þess heims sem þar býr. Meðal annars er þar kaffistofa sem á engan sinn líka.

Við Helga Pálína þökkum Birgittu Spur alúð hennar og áhuga á þessu stefnumóti þriggja listforma.





# BORGARLANDSLAG

I

Einmitt núna  
opnast sýn  
niður Frakkastíg  
alla leið að  
sólarskipinu  
sem snýr stefni  
út í óendanleikann

(undursamlega prómenade!)

þrjú seglskip og haf  
yfir hafinu fjall  
og yfir fjallinu himinn

tré og hús  
varða leið  
inn í drauminn

II

Hringtorgið  
upphaf án enda

síðan þráðbein akbraut

óþol

við enda hennar  
Esjan

máttug fyrirstaða  
kúpta eilífð

Ekkert líf er beint  
ekkert líf er án óþols

einn daginn  
rykkir sjórinn burt brautinni  
og það er enginn vegur  
nema í innri augum þínum

og eilífð fjallsins  
býr ekki þar  
heldur í huga þínum




Laugarnesið bíður átekta  
umlukið steinvirki borgarinnar  
til hálf

sjórinn  
og lítil sandvík  
(til að fleyta kellingar)  
Viðeyjarstofa kinkar kolli yfir sunðið

háreistur viðardrumbur  
sjórekinn  
meitlaður goðkynjuðum dráttum  
stendur vörð

Draumvættur nessins!



# SNJÓR

I

Snjór

alfagri snjór

hreinn  
svona nýfallinn

kaldur ertu  
að koma við

og samt  
væðarvoð  
sem breiðist yfir  
bert malbikið

Snjór!

mikill snjór

eskimóadans  
í kringum snjóhús  
barnanna

efniviður  
í nýtt mannkyn  
með gulrótarnef  
og þrjónahúfu  
og barnaskap

Hvíti snjór!

Snjórinn  
þyrlast um hafnarbakkann

og skipin sem liggja við festar  
drekkhlaðin minningum  
bíða brottfarar  
í kófinu

Snjórinn  
leitar að gömlum fiskstæðum  
til að setjast í

söltum fingurgómum  
bræðir sjórinn  
snjókornin við  
höfnina





Í kirkjugarðinum  
hylur snjórinn leiðin

hljóðlega fellur hann  
á blómakransa  
og minnisvarða

hann á kyrrðarstund  
með hinum dánú

Og elskendur  
sem hittast þar  
stíga í dúnmjúkt  
skýjateppið  
spor sem liggja út í  
eilífdina

Berglind Gunnarsdóttir ljóðskáld er fædd í Reykjavík 1953. Hún lagði stund á spænsku og málvísindi í Reykjavík og Madríd og hefur fengist við ritstörf, svo sem ljóðagerð, þýðingar, þáttagerð fyrir útvarp og greinaskrif um bókmenntir. Hún hefur gefið út ljóðabækur, eina skáldsögu og ritað ævisögu Sveinbjörns Beinteinssonar allsherjagoða.

Helga Pálína Brynjólfsdóttir textílhönnuður er fædd á Ólafsfirði 1953 en býr og starfar í Reykjavík. Hún lærði textílhönnun í Listiðnarháskólanum í Helsinki (UIAH), hefur kennt textíllþrykk við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Listaháskólann og tekið þátt í hönnunar- og textílsýningum hér heima og erlendis.



Sigurjón Ólafsson vinnur að Drekanum (LSÓ1051) í vinnustofu sinni í Kaupmannahöfn árið 1939.







